

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 22. október 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-75/2009:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 24. september sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaup á tölvu hjá versluninni Y, 27. nóvember 2007. Samkvæmt því sem kemur fram í álitsbeiðni virkar rafhlaðan í tölvunni ekki sem skyldi og telur álitsbeiðandi hana gallaða og vill að seljandi leggi sér til nýja rafhlöðu.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 28. september sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 13. október. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 21. október sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni segir álitsbeiðandi eftirfarandi:

„Upplýsingar um keypta vöru/hlut eða þjónustu

Hinn 27. nóvember 2007 keypti ég A af seljanda. Tölvun hefur unnið óaðfinnanlega þar til í byrjun ágúst sl. en þá komu þau skilaboð eftir hleðslu að einungis væru eftir 7% af hleðslunni og að ég ætti að tengja hleðslutækið aftur við tölvuna. Þessi skilaboð koma sífellt upp á skjáinn og nær rafhlaðan ekki að hlaða sig meira en sem þessu nemur. Það er rétt að geta þess að ástæðan fyrir því að ég keypti þessa tölvu á sínum tíma var jákvæð umfjöllun seljanda í blöðum um þessa tiltekna tegund fartölvu.

Þann 10. ágúst sl. fór ég með tölvuna til Y, tilkynnti þeim um gallann og fór fram á úrbætur. Þeir sögðu mér að fara með tölvuna til B (viðgerðarþjónusta) sem ég svo gerði, en athugun þeirra leiddi í ljós að hleðslutækið væri í lagi en að rafhlaðan væri biluð. Þá var mér jafnframt tjáð að rafhlaðan væri komin yfir eins árs ábyrgð og ending þeirra væri almennt frá einu ári til allt að þriggja ára.

Rétt er að geta þess að ég hef notað tölvuna í samræmi við uppgefnar upplýsingar frá seljanda, þ.e. ég hef reglulega tæmt rafhlöðuna og hlaðið hana upp á ný. Ég tel því að meðferð mín á söluhlutum hafi ekki valdið biluninni.

Ágreiningsefni

Ágreiningurinn snýr að því hvort seljanda beri að bæta úr galla með því að afhenda mér nýja rafhlöðu. Seljandi telur að ekki liggi fyrir fullnægjandi sönnun um að rafhlaðan sé gölluð og því sé bilunin á minni ábyrgð. Ég er ekki tilbúinn að fallast á þessi svör, enda hef ég ávallt gætt þess að nota rafhlöðuna með réttum hætti. Ég hef áður leitað til seljanda með kröfu um nýja afhendingu en hann hefur hafnað þeirri kröfu á fyrrnefndum grundvelli.“

Álitsbeiðandi rökstyður kröfu sína, sem að framan er lýst, með eftirfarandi hætti:

1. Að rafhlaðan sé gölluð þar sem hún hefur ekki þá eiginleika sem ég mátti vænta við kaupin, hvað varðar endingu og notagildi, sbr. 15. gr. laga um neytendakaup, nr. 48/2003, enda hefur hún ekki dugað út tveggja ára kvörtunarfrestinn.
2. Að rafhlaðan sé gölluð þar sem hún svari ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun, en þessi vanræksla leiddi til þess að kaupin áttu sé stað. Við kaupin mátti ég treysta að rafhlaðan myndi endast jafn lengi og tölvan sjálf, og ef seljandi ætlaði að byggja á styttri endingartíma rafhlöðunnar, bar honum að benda mér sérstaklega á það (sem hann gerði ekki). Það er því eðlilegt að áætla að rafhlaðan eigi að endast jafn lengi og tölvan sjálf, enda er orsök bilunarinnar ekki röng meðferð af minni hálfu.
3. Að ég hafi borið gallann fyrir mig innan tveggja ára kvörtunarfrestsins og því beri seljanda að bæta úr gallanum, sbr. 2. mgr. 27. gr. laganna.
4. Að seljanda ber að afhenda nýja rafhlöðu í samræmi við ákvæði 30. gr. laga um neytendakaup.

IV

Niðurstaða kærunefndarinnar.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Seljandi hefur ekki notfært sér rétt sinn til andmæla. Af því leiðir m.a. að kærunefndin verður við afgreiðslu málsins að byggja á gögnum frá álitsbeiðanda einum að því er atvik málsins varðar. Samkvæmt þeim keypti álitsbeiðandi tölvu sína 27. nóvember 2007 og kvartaði undan galla í tölvunni við seljanda 10. ágúst 2009. Þá verður að byggja á þeirri frásögn að rafhlaða tölvunnar sé nú biluð, þ.e. að hún hlaði sig ekki meira en nemur 7% af fullri hleðslu. Að sögn álitsbeiðanda neitar seljandi, eða sá sem annast viðgerðir fyrir hann, að skipta um rafhlöðu í tölvunni álitsbeiðanda að kostnaðarlausu vegna þess að ábyrgð seljanda á rafhlöðunni sé aðeins eitt ár.

Kærunefndin álitur að byggja verði á því að tölvan sé haldin galla í skilningi 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup sem álitsbeiðanda verði ekki kennt um.

Í 1. mgr. 3. gr. laganna segir að þau séu ófrávíkjanleg, þ.e. að ekki sé heimilt að semja um eða bera fyrir sig kjör sem séu neytanda óhagstæðari en leiða myndi af lögnum. Samkvæmt 27. gr. laganna ber seljandi ábyrgð á galla á söluhlut sé kvartað undan gallanum innan tveggja ára frá afhendingu söluhlutarins, en í þessari grein laganna er kveðið á um frest kaupanda til þess að bera fyrir sig galla gagnvart seljanda. Frestur þessi er í ákveðnum tilvikum fimm ár, sem hér skiptir ekki máli. Seljandi getur því ekki borið fyrir sig að í einhverjum skilmálum, sem hann eða viðgerðaraðili á hans vegum sýnist vísa til, sé ábyrgð á rafhlöðunni ekki lengri en eitt ár.

Kærunefndin byggir á því að álitsbeiðandi hafi kvartað við seljanda á framangreindum tveggja ára tímafresti og eigi hann því rétt á þeim úrbótum að seljandi leggi álitsbeiðanda til nýja rafhlöðu og setji í tölvuna honum að kostnaðarlausu, sbr. ákvæði b-liðar 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003.

V

Álitsorð

Seljanda, Y, ber að leggja álitsbeiðanda, X, til nýja rafhlöðu og setja í tölvuna sem hann keypti af fyrirtækinu 27. nóvember 2007 honum að kostnaðarlausu.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir